

Stjórnarfundur Neytendasamtakanna 15/1/2026

6. fundur stjórnar 2025-2026

Staður: Guðrúnartún 1

Mætt:

Auður Alfa Ólafsdóttir, Breki Karlsson, Flóki Guðmundsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Margrét Dóra Ragnarsdóttir, Sigurður Másson, Stefán Hrafn Jónsson, og Þórarinn Stefánsson.

Fjarverandi:

Salka Sól Styrmisdóttir, Benjamín Julian, Virpi Jokinen og Pálmey Helga Gísladóttir.

Gestir:

Brynhildur Pétursdóttir

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar
2. Fjármál
3. Umræða um starfsemi samtakanna frá síðasta fundi
4. Tillaga um hlé á þátttöku í CI og ICRT (sjá tillögu)
5. Tillaga um dagsetningu aðalfundar
6. Tillaga um að árgjald Neytendasamtakanna fyrir árið 2026 verði óbreytt
7. Umræða um áherslumál 2026
8. Næstu stjórnarfundir
9. Önnur mál
10. Fundargerð lesin upp til samþykktar
11. Fundarslit

1. Setning fundar

- Formaður setti fundinn klukkan 17:25.
- Breki Karlsson var kosinn fundarstjóri og Sigurður Másson fundarritari.

2. Staða fjármála

- Farið var yfir lokaniðurstöður fjármála 2025. Bráðabirgðaniðurstaða ársins var lítillega

undir núlli, í samræmi við væntingar. Rekstur félagsins telst því ásættanlegur og stendur á traustum grunni.

- Lögð var fram áætlun fyrir árið 2026, sem gerir ráð fyrir svipaðri niðurstöðu og árið 2025, þ.e. rekstur í kringum núllið.

Fjárhagsáætlunin var lögð fram til samþykkis og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Starfsemi samtakanna frá síðasta fundi

- Formaður lagði fram stutt yfirlit yfir helstu þætti starfseminnar frá síðasta fundi.
- Farið var yfir starfsemina og framgang mála, og urðu umræður um helstu verkefni og stöðu þeirra.

4. Tillaga um hlé á þátttöku í CI og ICRT

- Formaður og framkvæmdastjóri lögðu fram eftirfarandi tillögu í tengslum við þátttöku Neytendasamtakanna í ICRT og Consumers international:
- „Stjórn Neytendasamtakanna felur framkvæmdastjóra að segja samtökin úr Consumers International (CI) og International Consumer Research & Testing (ICRT).“

Tillagan var samþykkt samhljóða

5. Dagsetning aðalfundar

- Lögð var fram tillaga um að dagsetning aðalfundar Neytendasamtakanna verði þriðjudaginn 21. apríl kl. 17:30.

Tillagan var samþykkt samhljóða

6. Árgjald Neytendasamtakanna fyrir 2026

- Lögð var fram tillaga um að árgjald Neytendasamtakanna fyrir árið 2026 verði óbreytt frá fyrra ári.

Að lokinni umræðu um tillöguna, var tillagan samþykkt samhljóða

7. Umræða um áherslumál 2026

- Samþykkt að fresta umræðunni um þennan lið til næsta fundar.

8. Næstu stjórnarfundir

- Gerð var tillaga um að næstu stjórnarfundir verði haldnir:
 - 12.02.2026 kl. 17:15
 - 04.03.2026 kl. 17:15

Tillagan var samþykkt samhljóða

9. Önnur mál

- Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

10. Fundargerð lesin upp til samþykktar

- Fundargerðin var lesin upp og samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

11. Fundarslit

- Fundarslit kl. 18:59.